



Fréttatilkynning

17 February 2026 15:20:00 GMT

Arion banki gefur út evrópsk sértryggð skuldabréf (úrvals) fyrir 300 milljónir evra

Arion banki gaf í dag út evrópsk sértryggð skuldabréf (úrvals) til fimm ára að fjárhæð 300 milljónir evra. Skuldabréfin voru seld á kjörum sem jafngilda 40 punkta álagi yfir millibankavöxtum í evrum og bera 2,75% nafnvexti.

Umtalsverð eftirspurn var eftir skuldabréfunum eða um 3,5x sinnum meiri en framboð. Í heild bárust tilboð frá 45 fjárfestum frá 13 Evrópulöndum. Endanleg tilboðsbók nam 1,1 milljarði evra.

Barclays, DZ BANK, Erste Group and UBS Investment Bank sáu um útgáfuna fyrir hönd bankans.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki gefur út evrópsk sértryggð skuldabréf \(úrvals\) fyrir 300 milljónir evra](#)